

AUGLÝSING

um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið Látrabjarg.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið Látrabjarg. Stjórnunar- og verndaráætlunin er birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013:

1. gr.

Allt flug innan 3500 feta frá sjávarmáli innan friðlandsins er óheimilt á tímabilinu 1. apríl–31. ágúst. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar og annarra stofnana sem sinna lögbundnum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminjum.

2. gr.

Klifur og sig, annað en það sem tengist nytjum landeigenda, er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

3. gr.

Landeigendum er ekki heimilt að framselja rétt sinn til eggjanytja nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

4. gr.

Landverði eða umsjónaraðila svæðisins er heimilt að loka tímabundið gönguleiðum vegna verndunar gróðurs og jarðminja eða þegar leiðin er ekki fær og að beina gestum svæðisins um aðrar leiðir ef þess er kostur. Samráð skal haft um slíka ákvörðun við hlutaðeigandi sveitarfélag og landeigendur.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 9. september 2024.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Stefán Guðmundsson.